


Umhverfisstofnun
Áb. BS
17 JAN. 2007
54.55
Tilv UST20070100044



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24

IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2007

Tilvísun: UST20070100044/bs

Efnisnám í landi Bíldfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Umsögn

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. janúar 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar efnistöku skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað efnistökusvæði er í malarhjalla sunnan Þjóðveggar 350 í landi Bíldfells í Grímsnes- og Grafningshreppi í tungu sem afmörkuð er af Tunguá og Hlíðará. Náman er í grónu mólendi. Framkvæmdaraðili telur að ekki sé að finna sérstæðan gróður á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Gróðurúttekt var ekki gerð af sérfróðum aðila en miðað við upplýsingar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands er ekki líklegt að plöntur á valista sé að finna á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Mólendi áþekkt því sem er á fyrirhuguðu efnistökusvæði er víða á þessum slóðum. Telja verður ólíklegt að gróðurfur á umræddu námusvæði sé ólíkt gróðurfari sambærilegra svæða sem nærliggjandi eru. Áætlað er að taka árlega 30.000 m³ úr námunni í fimm ár eða 150.000 m³ alls. Efni hefur all lengi verið tekið á þessum stað. Umhverfisstofnun telur að umrætt svæði í landi Bíldfells henti vel til efnistöku. Ekki verður raskað sérstæðri jarðmyndun og ekki er líklegt að sérstakt gróðurfur raskist við efnistöku. Auðvelt er að fella námubotninn að mólendi sunnan námunnar. Náman er í hvarfi og er vinnslustefna í átt að Þjóðvegi 350. Sjónræn áhrif ættu því að vera í lágmarki bæði á vinnslutíma sem að honum loknum. Umhverfisstofnun telur þó að fella eigi námuna þ.e. vinnslutílið betur að formum malarhjallans þannig að ekki standi eftir "skápur" eða geil að vinnslu lokinni.

Umrætt svæði er ekki friðlýst, það er ekki á náttúruminjaskrá né á náttúruverndaráætlun Umhverfisstofnunar. Á svæðinu er hvorki að finna jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta eiga sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í tilkynningu Mest er að finna áætlun um efnistöku sem er í samræmi við 48. gr. fyrrnefndra laga.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka við Bíldsfell muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Helgi Jónsson
Helgi Jónsson
Forstöðumaður